

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Helga Hrafni Gunnarssyni um námsráðgjöf fyrir fanga.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig er því fé varið sem Fjölbrautaskóli Suðurlands fær úthlutað í fjárlögum til að sinna námsráðgjöf í fangelsum? Hvernig sundurliðast það eftir fangelsum og hvert er starfs- hlutfall námsráðgjafa á hverjum stað?

Fjármagni sem Fjölbrautaskóla Suðurlands er úthlutað á fjárlögum til að sinna námsráðgjöf er notað til þess að fjármagna eina stöðu náms- og starfsráðgjafa sem hefur yfirumsjón með náms- og starfsráðgjöf í öllum fangelsum landsins.

Náms- og starfsráðgjafinn er í 75% starfi hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands til þess að sinna fangelsunum að Litla-Hrauni og Sogni. Einnig er ráðgjafinn í 15% starfi hjá Fjölbrautaskóla Snæfellinga til þess að sinna Kvíabryggju og í 10% starfi hjá Verkmenntaskólanum á Akureyri til þess að sinna fangelsinu á Akureyri.